# REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð nr. 849, 14. desember 1999, um eftirlit með innflutningi sjávarafurða.**

1. gr.

1. mgr. 13. gr. orðist svo:

Landamærastöðvar skulu staðsettar á eftirtöldum stöðum: Akureyri, Hafnarfirði, Húsavík, Ísafirði, Keflavíkurflugvelli, Reykjavík og Þorlákshöfn. Fiskmjöl má aðeins fara um landamærastöðvar í Hafnarfirði, Reykjavík og á Akureyri. Lifandi sjávardýr mega aðeins fara um landamærastöð á Keflavíkurflugvelli.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 29. gr. laga nr. 55, 10. júní 1998, um meðferð, vinnslu og dreifingu sjávarafurða, með síðari breytingum og öðlast þegar gildi.

*Sjávarútvegsráðuneytinu, 23. febrúar 2005.*

F. h. r.
**Vilhjálmur Egilsson.**

*Guðríður M. Kristjánsdóttir.*